

Nd.

141. Frumvarp til laga

[110. mál]

um afnám laga nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð.

Flm.: Hjalti Haraldsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Lög nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, eru úr gildi fallin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1969.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að einkasala á tilbúnum áburði verði lögð niður. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að megn óánægja ríkir nú orðið almennt meðal bænda með þessa verzlun, og hefur sú óánægja magnast hin síðari ár og þá aðallega eftir að áburðareinkasalan var fengin í hendur Áburðarverksmiðjunni h/f og Áburðarverksmiðjan h/f fékk þannig tækifæri til að tengja slæma framleiðslu sína við þessa verzlunarhætti.

Á síðasta Alþingi bárum við fram tillögu til þingsályktunar á þingskjali 261, ásamt þeim Karli Guðjónssyni og Steingrími Pálssyni, um að skora á ríkisstjórnina að létta þessum verzlunarfjötrum af og að kosin skyldi 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um breytta tilhögun á áburðarsölunni í landinu. Af því er skemmst að segja, að þessi tillaga fékkst ekki rædd, en í greinargerð, sem henni fylgdi, bentum við á niðurstöðu þeirra samanburðartilrauna, sem farið hafa fram á undanförunum árum með sama köfnunarefnismagn af Kjarna annars vegar en kalsaltpétri hins vegar, hve efnainnihald uppskerunnar er lakara, þar sem Kjarninn hefur verið notaður, og hve uppskeran af hverri flatareiningu lands hefur farið hraðminnkandi, því lengur og meir sem Kjarninn hefur verið notaður, og að tjónið af völdum hans mætti hiklaust reikna í tugum, jafnvel hundruðum milljóna króna árlega hin síðari ár. Þeir, sem varið hafa þessa verzlunarhætti, hafa á það bent, að tilraun eins og þessa væri ekki að marka, hún væri staðbundin, en efnainnihald jarðvegsins í túnunum svo misjafnt frá einum tíma til annars, að engin tvö tún þyldu sama áburðarskammtinn. Nú hefur þessi staðreynd verið bændum löngu ljós, enda er efnagreining á jarðvegssýnum að sanna þetta. En þegar bændur hafa viljað bæta þar um, hafa þeir sífellt rekið sig á þá ómurlegu verzlunarhætti, sem viðhaldið er í kringum áburðinn og helzt líkjast því, sem verst gerðist hér á landi fyrir hundruðum ára.

Eftir því sem bændum hefur orðið ljósari þörfin á fjölbreyttari áburðarefnum, því fastar hefur einokunin á áburðarverzluninni verið hert. Þannig er þeim ætlað að taka 70% af köfnunarefnisáburði á næsta vori í Kjarnaáburði, þótt þeir hins vegar vilji og telji sig fremur þurfa aðrar áburðartegundir, svo að seðja megi hungur jarðvegsins, sem í fjölda tilfella er sjúkur af einhæfri áburðarnotkun og birtist í síauknum kalskemmdum og landdauða.

Fyrir nokkrum árum fóru um landið sendimenn á vegum hins opinbera með köfnunarefnisáburð í farteski sínu til þess að sanna bændum það með staðbundnum tilraunum, hve stórauðinn köfnunarefnisskammtur gæfi mikinn uppskeruauka. Aldrei hefur bændum hefnzt jafngrimmlega fyrir talhlýðnina, því að auk þess tjóns, sem þegar hefur verið bent á, hafa þeir í viðbót orðið að liggja undir því á mæli, að þeir hefðu ekki vit á því að fara með áburðinn, og þessari verzlunarsmán viðhaldið á þeim forsendum, að ekki þurfi að vanda torfuna undir ketilinn.

Ekki kæmi okkur það á óvart, þótt verzlunarfrelsi í áburðarverzluninni ætti eftir að sanna það, að eitt mesta óhappaverkið, sem unnið hefur verið íslenskum landbúnaði, væri afhending áburðareinkasölunnar í hendur Áburðarverksmiðjunni h/f. Það má því teljast eðlilegt, að þeir, sem það verk unnu, standi vörð um þetta rangláta skipulag. Mannlegt er það, en ekki stórmannlegt.

Nú hefur því verið haldið fram, að ef þessari einokun væri létt af, færi verzlun með tilbúinn áburð úr böndunum bændum til enn meira tjóns. En þá er því til að svara, að samkvæmt lögum er innflutningur tilbúins áburðar háður leyfi landbúnaðarráðherra, og beitti hann því valdi, gæti hann haft fulla stjórn á slíku og því ástæðulaust að óttast um óstjórn á þeim hlutum, og höldum við, að hið háa Alþingi geti samþykkt það með okkur.

„Sýn mér trú þína af verkunum.“ Það vonum við, að þeir menn geri, sem hylla „frjálsa verzlun“, hvar sem þeir koma orðum að, þeir menn, sem mynda meiri hluta á því Alþingi, er nú situr. Það situr því illa á þeim að standa í vegi fyrir því, að frjálsari verzlunarhættir verði teknir upp á þessu sviði. Leyfum við okkur að vænta þess, að þetta frumvarp verði samþykkt.